

90

18. júní

## AUGLÝSING

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í i-lið 14. gr. laga frá 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1942:

## Í Reykjavík:

Skattskrá skal leggja fram fyrir 23. þ. m. og skal hún vera til sýnis til 7. júlí þ. á. á lögboðnum stað.

Kærufrestur til skattstjóra skal vera til 7. júlí þ. á.

Úrskurðir skattstjóra skulu felldir fyrir 20. júlí þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 18. júní 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

91

25. júní

## SAMÞYKKT

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Norðfjarðarhrepps.

## 1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Norðfjarðarhrepps. Heimili þess og varnarþing er á Skorrastað í Norðfjarðarhreppi.

## 2. gr.

Markmið félagsins er að auka lax- og silungsveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að alfriða Norðfjarðará og ár, sem í hana falla, í næstu 6 ár. Þó má leyfa stangarveiði frá 13. júlí til 7. sept.;
2. að flytja í hana lax- og silungsveiði eftir þörfum, eða reisa við hana klakstöð, ef hentara þykir;
3. að friðuninni lokinni, að reka lax- og silungsveiði fyrir alla félagsmenn á einum eða fleiri stöðum, eða leigja ána til stangaveiði, ef arðsamara þykir.

## 3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í þessum vötnum: Norðfjarðará og ám, sem í hana falla.

Félagsmenn eru allir eigendur og ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum: Ormsstaðahjáleiga, Ormsstaðir, Hof, Skorrastaður, Kirkjuból, Hólar, Tandrestaðir, Fannardalur, Seldalur, Skuggahlíð, Grænanes, Búlandsborg.

## 4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax eða silung í vötnum þessum, nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.